



BYGGÐARÁÐSTEFNAN 2025

Félagslegur fjölbreytileiki samfélaga, jafnvægi, áskoranir eða vannýtt sóknarfæri?

4. nóvember 2025, Skjólbrekku í Mývatnssveit. Taktu daginn frá!

Viðfangsefni ráðstefnunnar 2025 er félagslegur fjölbreytileiki samfélaga. Leitast verður við að ná fram ólíkum sjónarmiðum þeirra sem vinna að rannsóknum og stefnumótun á vettvangi byggðamála með áherslu á félagslegan fjölbreytileika samfélaga. Undanfarin ár hefur íbúum með erlent ríkisfang fjölgað verulega í öllum landshlutum, mismikið eftir svæðum. Er vöxtur samfélaga í jafnvægi? Eru áskoranir? Eða vannýtt sóknarfæri? Kallað er eftir erindum frá fræða- og háskólasamfélaginu, stefnumótendum og öðrum sem vinna á vettvangi um stöðu og þróun byggða.

Byggðaráðstefnur eru haldnar annað hvert ár. Tilgangur þeirra er að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðapróun með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar um allt land. Áherslur byggðaráðstefnu hafa verið á tiltekinn málaflokk hverju sinni, síðast var yfirskriftin *Búsetufrelsi?*

Það er von skipuleggjanda að ráðstefnan verði vel sótt og verði til þess að auðga umræðu um búsetu og byggðapróun. Ráðstefnan á erindi við sveitarstjórnarfólk, fulltrúa atvinnulífs, stefnumótendur og aðra sem starfa eða sinna rannsóknum á vettvangi byggðamála.

Byggðaráðstefna 2025 verður haldin í Skjólbrekku í Mývatnssveit, þriðjudaginn 4. nóvember. Taktu daginn frá! Upplýsingar um skráningu, dagskrá og nánari kynningu erinda og fyrirlesara, kemur þegar nær dregur. Hægt verður að fylgjast með í streymi. Að ráðstefnunni standa Byggðastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samband sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, í samvinnu við Þingeyjarsveit.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Kær kveðja frá undirbúningshópnum,

*Hanna Dóra Björnsdóttir og Heba Guðmundsdóttir, Byggðastofnun,
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra
Valgerður Rún Benediktsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar.*



BYGGÐASTOFNUN



Þingeyjarsveit